

Viðurkenning Húsverndarsjóðs Akureyrarbæjar og Byggingalistaverðlaun Akureyrarbæjar

-

Verklagsreglur fyrir faghópa

1. gr.

Faghóparnir heyra undir bæjarráð Akureyrarbæjar og er því til ráðgjafar um veitingu viðurkenningar Húsverndarsjóðs Akureyrarbæjar og byggingalistaverðlauna Akureyrarbæjar.

2. gr.

Í faghópi um viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrarbæjar sitja þrjú einstaklingar; Byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar, sérfræðingur um húsvernd frá Minjasafninu á Akureyri og sérfræðingur skipaður af bæjarráði.

Í faghópi um Byggingalistaverðlaun Akureyrarbæjar sitja þrjú einstaklingar; Byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar, arkitekt og sérfræðingur skipaðir af bæjarráði.

Miðað er við að skipað sé í faghópnum til fjögurra ára í senn á fundi bæjarráðs.

3. gr.

Byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar er formaður faghópnum.

4. gr.

Hlutverk faghópnum er að leggja fram til staðfestingar í bæjarráði tillögur að viðurkenningunum. Almennt er miðað við að viðurkenningar í hvorum flokki séu veittar annað hvort ár og þá komi viðeigandi faghópur að þeim tilnefningum.

5. gr.

Tillögunum skal skilað til bæjarráðs með skriflegum rökstuðningi og skulu þær berast ráðinu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir veitingu viðurkenninga á Vorkomu Akureyrarbæjar sem haldin er sumardaginn fyrsta. Á Vorkomunni eru einnig veittar viðurkenningar á sviði menningarmála.

6. gr.

Starfsmaður faghópanna er verkefnastjóri menningarmála og boðar hann til funda.

7. gr.

Fulltrúar í faghópunum sem ekki eru á vegum Akureyrarbæjar fá greidda þóknun fyrir fundarsetu sem tekur mið af reglum um launakjör nefndarmanna í vinnuhópum á vegum Akureyrarbæjar.

Samþykkt af bæjarráði Akureyrarbæjar 20. október 2022